

## Námsáætlun fyrir Tónmennt - 4. bekkur



**Tímafjöldi:** Ein kennslustund á viku.

Námshættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Tónmennt</b>	<p><b>Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkja hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun</li> <li>• greina ólíkar raddir og beita rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna</li> <li>• leika einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri</li> <li>• taka þát tí að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skrá það á einfaldan hátt</li> <li>• greina einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög)</li> <li>• ræða um eigin tónlist og annara útfrá smekk og upplifun</li> </ul>	<p>Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, samleik á skólahljóðfæri, hrynjálfun, hreyfingu og dans, hlustun og sköpun. Unnið er út frá forsendum nemandans, aldri og þroska.</p> <p>Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hrynjandi með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna þar sem nemendur fá að spynna frjálst yfir undirspil á sílafón eða annað skólahljóðfæri. Nemendur skapa fjölbreytt tón- og hljóðverk og nota til þess ólíkar aðferðir og bæði hefðbundna og óhefðbundna skráningu. Nemendur nota spjaldtölvur og tónlistaröpp til tónsköpunar og hljóðvinnslu.</p>	<p>Í annarlök er metin vinnusemi og framkoma. Í hverri kennslustund metur kennari í samvinnu við nemendur þá þætti sem unnið er að.</p>

**Námshættir:**

Námshættir frá kennara, skólanum og veraldarvefnum.

**Lokanámsmat:**

Símat.

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D